

Arnar Sigurmundsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða:

Ávarp í tilefni af undirritun viljayfirlýsingar lífeyrissjóða og heilbrigðisráðherra um nýjan Landspítala, 4. nóvember 2009

Ráðherrar, stjórn og stjórnendur Landspítala, starfsmenn Landspítala og aðrir góðir gestir:

Það er mér bæði heiður og ánægjuefni að ávarpa ykkur sem formaður Landssamtaka lífeyrissjóða í tilefni af því að nú liggur fyrir undirrituð viljayfirlýsing 20 lífeyrissjóða og ríkisstjórnarinnar um samstarf við undirbúning og aðdraganda þess að reisa nýjan Landspítala hér á lóðinni. Þessi ráðstöfun miðar að því að því að bæta verulega aðstæður og starfsskilyrði sjúklinga og starfsmanna og gera góða þjónustu við alla landsmenn enn betri.

Viljayfirlýsingin er vissulega fyrst og fremst táknrænt fyrsta skref á langri leið, eins konar rammi utan um heildarmynd sem fulltrúar lífeyrissjóða og ríkisvaldsins eiga eftir að koma sér saman um hvernig muni líta út. Þeir lífeyrissjóðir sem undirrituðu viljayfirlýsinga hafa yfir að ráða 83% af heildareignum lífeyrissjóða landsmanna og fyrir liggur að fleiri sjóðir eiga eftir að bætast í hópinn. Viðræður um framhaldið eru því næsta viðfangsefni þessa máls. Viljayfirlýsingin er vissulega án skuldbindinga af beggja hálfu um niðurstöðuna en ætli eigi hér ekki við sem stundum er sagt að „orð eru til alls fyrst“ og „vilji er allt sem þarf“. Af hálfu okkar í lífeyrissjóðunum er ríkur vilji til að veita verkefninu brautargengi. Við höfðum líkt og aðrir landsmenn, fylgst með framkvæmdaáformum við uppbyggingu Landspítalans, en aðkoma lífeyrissjóða var þá ekki inni í myndinni, hvorki af okkar hálfu né annarra.

Tvennt kom til sem breytti þessu, annars vegar efnahagshrunið sem gjörbreytti fyrri áformum og hins vegar tillögur norskra ráðgjafa sem Hulda Gunnlaugsdóttir, forstjóri Landspítalans, fékk til að endurmeta framkvæmdaáformin. Til að gera langa sögu stutta forum við í kjölfar þess að velja fyrir okkur hvort Landspítalabygging væri ekki einmitt verkefni sem hentaði lífeyrissjóðum bæði sem góð langtímafjárfesting en einnig sem samfélagslegt málefni í víðara skilningi á erfiðum tímum. Landssamtök lífeyrissjóða skipulögðu kynningarfund 21. apríl sl. þar sem forstjórinn og fleiri fulltrúar Landspítala útskýrðu endurskoðuð framkvæmdaáform fyrir hópi forystumanna lífeyrissjóða og kynntu verkefnið í stórum dráttum. Skemmst er frá að segja að áhugi okkar óx umtalsvert strax þarna og málið hefur í kjölfarið verið rætt enn frekar í okkar röðum. Við skipuðum í aðdraganda wtöðugleikasáttmálans sérstakan aðgerðahóp sem fundaði síðar með fulltrúum ríkisstjórnarinnar. Undirhópi af beggja hálfu var falið að hefja formlegar viðræður sem þokuðu málinu áfram.

Niðurstaðan varð sú sem hér birtist í dag, það er að lýsa formlegum vilja til að láta verkin tala ef samningar takast við ríkisvaldið um aðkomu lífeyrissjóða að fjármögnun og undirbúningi að byggingu nýs Landspítala.

Hvers vegna skyldu lífeyrissjóðir yfirleitt fara að skipta sér af byggingu nýs Landspítala?

Það er góð spurning og í stórum dráttum er þetta svarið:

Meginhlutverk lífeyrissjóða er að gæta þeirra fjármuna sem sjóðfélagar leggja til hliðar til efri ára og ávaxta þá fjármuni lögum samkvæmt, hvort sem árar vel eða illa í efnahagslífi Íslands og umheimsins. Fjármunir sem lánaðir kunna að verða úr lífeyrissjóðum til byggingar nýs Landspítala þurfa því að skila ávöxtun sem lífeyrissjóðirnir telja viðunandi og á þetta mun reyna í samningaviðræðum við stjórnvöld.

Málið snýst samt um meira en arðsemina eina, út af fyrir sig. Í því mjög svo sérstaka árferði og ástandi sem þjóðin býr við eftir efnahagshrunið horfum við hjá lífeyrissjóðunum til þess hvað sjóðirnir geta gert til að fá hjólin í samfélaginu til að snúast hraðar og styrkja efnahagslega innviði þess. Ekkert er lífeyrissjóðunum og sjóðfélögum þeirra jafn mikilvægt og það að í landinu sé blómlegt, fjölbreytt og öflugt atvinnulíf. Við merkjum líka greinilega að horft er til lífeyrissjóðanna á þessum erfiðum tímum. Því kalli svörum við með því að stofna á næstunni sérstakt fjárfestingarfélag eða framtakssjóð og við eigum jafnframt í viðræðum við stjórnvöld um að lána fjármuni til tiltekinna sjálfbærra verkefna í samgöngu- og orkumálum. Verkefnið sem við fjöllum um hér í dag er enn einn anginn af sama máli en hefur þá augljósu sérstöðu, gangi það eftir, að vera langstærsta fjárfestingarverkefnið sem rætt er um að lífeyrissjóðirnir komi að.

Við lítum á Landspítalamálið fyrst og fremst sem samfélagslegt verkefni af okkar hálfu, að uppfylltum skilyrðum um viðunandi arðsemi. Landspítalinn er þjóðarsjúkrahús, lykilþáttur í okkar góða heilbrigðiskerfi og í menntun heilbrigðisstarfsfólks. Við sjáum það best í inflúensufaraldrinum sem herjar nú á landsmenn hvernig reynir á alla þætti heilbrigðisþjónustunnar og starfsmenn hennar og þar mæðir mest á Landspítalanum. Við skynjum álagið á starfsfólkið sem fær afleiðingar inflúensufaraldursins í fangið í bókstaflegum skilningi í viðbót við allt hitt og viljum að aðstæður allar á sjúkrahúsi þjóðarinnar hæfi krefjandi hlutverki í þágu allra landsmanna.

Við höfum sannfærst um að það sé dýrara fyrir samfélagið að gera ekkert – en þess í stað verði ráðist í framkvæmdir við nýjan spítala og sameina sem mest af starfseminni hér á lóðinni. Þannig sparast miklir fjármunir til lengri tíma, en það kostar líka mikla fjármuni að gera þær ráðstafanir sem duga til að sá sparnaður náist. Ríkisvaldið hefur mörgum öðrum hnöppum að hneppa nú um stundir, eins og allir vita. Það er því er eðlilegt að láta reyna á hvort leiðir lífeyrissjóða og ríkisins geti legið hér saman. Landspítalaverkefnið hentar lífeyrissjóðum líka vel, því það er til langs tíma og fjárfestingin dreifist á mörg ár.

Ýmsir velta því eðlilega fyrir sér hvort lífeyrissjóðirnir veðji hér á réttan hest. Ég hef til dæmis heyrt að þeir eigi frammar öðru að fjárfesta í gjaldeyrisskapandi starfsemi en svara því þá til að það verði einmitt meðal annars markmið fjárfestinga lífeyrissjóða gegnum nýja framtakssjóðinn að fjárfesta í fyrirtækjum sem skapa gjaldeyri eða spara þjóðinni gjaldeyri með starfsemi sinni.

Hins vegar eru lífeyrissjóðir meira en fullsæmdir af því að fjárfesta líka í heilbrigðisskapandi starfsemi með því að taka þátt í fjármögnun og undirbúningi að byggingu nýs Landspítala!

Lífeyrissjóðir undirrituðu á sínum tíma viljayfirlýsingu um fjármögnun Hvalfjarðarganga og færa má rök fyrir því að án þeirrar stuðningsyfirlýsingar hefði tæplega tekist að ná saman endum í fjármögnun verkefnisins. Hvalfjarðargöng voru afar umdeilt verkefni meðal þjóðarinnar á sínum tíma, þótt flestir hafi fyrir löngu gleymt því. Göngin urðu samt að veruleika sem farsælt samgöngumannvirki; einkaframkvæmd sem var satt að segja ein besta fjárfesting lífeyrissjóðanna fyrr og síðar.

Góðir gestir:

Þetta er í ýmsum skilningi söguleg stund og við höfum ekki efni á öðru en horfa bjartsýn fram á veginn. Jólafastan er rétt handan við hornið og svo sjálfar hátíðirnar. Með viljayfirlýsingunni erum við í raun að tala um að setja saman stóran pakka, sem er í senn mjúkur og harður. Þjóðin verður í senn bæði gefandi og þiggjandi. Ég trúi og vona að við séum að stíga gæfuspor í þágu allra sem hlut eiga að máli og þeir sem hagsmuna eiga að gæta eru Íslendingar allir, hvar sem þeir búa.

Til hamingju með daginn!